

122

11. júlí

Úr rafveitusjóði má ekki greiða styrk til annarrar héraðsrafmagnsveitu í sýslunni en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, nema veitan hafi reglugerð, staðfesta af ráðherra, er heimili henni að njóta styrks úr rafveitusjóði sýslunnar, og rafmagnsnotendur hennar greiði sjóðnum heimtaugagjöld samkv. 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Ef einstakir bændur í sýslunni eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, má veita þeim til þess lán úr rafveitusjóði allt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar með 2% vöxtum til 15 ára, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi raforkumálastjóra. Umsóknir um lán úr sjóðnum sendist oddvita sýslunefndar, en sýslunefnd ákveður lánveitingar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 11. júlí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

123

12. júlí

REGLUGERÐ

um skatt- og útsvarsgreiðslur innlendra manna, sem eru á förum til útlanda.

1. gr.

Enginn má selja innlendum manni, eða láta honum á annan hátt í té, far til útlanda, nema hann sýni nýtt eða nýáritað vegabréf frá lögreglustjóra til fararinnar.

Lögreglustjóri skal ekki gefa út eða árita vegabréf til utanfarar nema með samþykki innheimtumanna opinberra gjalda, og skulu þeir, áður en þeir veita samþykkið, gæta fyrirmæla 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Nú ætlar maður af landi brott afarið eða til langdvalar erlendis, að því er ætla má að dómi skattayfirvalda, og skal honum þá skylt að greiða áður en hann fer úr landi skatta sína og útsvör til brottfarardags, eftir reglum þessarar greinar.

1. Skatta og útsvör undanfarinna skattára (útsvarsára) skal hann greiða að fullu, og skulu gjöld þessi fyrir síðastliðið skattár ákveðin með sérstakri álagningu fyrir brottför hans, hafi almenn álagning þá ekki farið fram.
2. Skatta og útsvar fyrir þann hluta brottfararársins, sem liðinn er við brottför, skal hann greiða að fullu miðað við þær tekjur, er hann hefur haft til brottfarardags, og ákveðast skattarnir samkv. reglum 9. gr. laga nr. 96 frá 9. desember 1946, þó þannig, að persónufrádráttur sé veittur. Þau gjöld, sem ekki eru miðuð við tekjur, en bundin eru við dvöl í landinu við upphaf gjaldársins, skal hann greiða að fullu fyrir allt árið.

3. gr.

123

12. júlí

Nú ætlar maður af landi brott, en þó ekki til langdvalar skv. 2. gr., og skal honum þá skylt að greiða áður en hann fer úr landi skatta sína og útsvör til brottfarardags, eða tryggja greiðslu á þeim eftir reglum þessarar greinar.

1. Skatta og útsvör vegna undanfarinna skattára (útsvarsára) skal honum skylt að greiða að fullu, eða — ef innheimtumenn telja það nægja — setja fyrir þeim tryggingu.
2. Skatta og útsvör fyrir þann hluta brottfararársins, sem liðinn er við brottför, skal hann tryggja með greiðslu inn á biðreikning hjá innheimtumönnum, eða — ef innheimtumenn telja það nægja — setja fyrir þeim aðra tryggingu. Sé krafizt greiðslu inn á biðreikning, skal upphæð greiðslunnar ákveðin hlutfallslega eftir dvöl gjaldanda í landinu á brottfararárinu og gjöldum hans fyrir síðastliðið skattár, nema ástæða þyki til að ákveða hana hærrí eða lægri vegna breytinga á hag gjaldanda.

Víkja má frá ákvæðum þessarar greinar, telji innheimtumenn eigi þörf sérstakrar tryggingar, eða sérstaklega stendur á.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 96 frá 9. desember 1946 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. júlí 1947.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

AUGLÝSING

124

16. júlí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ág. 1926.

1. gr.

1. mgr. a-liðar 14. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Allar fleytur, sem heima eiga í Vestmannaeyjum, skulu greiða lestargjald, einu sinni á ári, 1. maí, kr. 20.00 fyrir hvert tonn af brúttóstærð fleytunnar, þó aldrei minna en kr. 150.00 á ári. Umræddar fleytur skulu ekki hér eftir greiða festar- og uppsátursgjald, svo sem 16. gr. hafnarreglugerðar mælir fyrir um.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29, 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerð nr. 103 15. október 1932, um breyting á hafnarreglugerðinni, fellur jafnframt úr gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. júlí 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.